

LÖG

um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísna manna til stofnfrumurannsókna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2. másl. 2. mgr. 5. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Sé frjósemi beggja maka eða einhleypar konu skert er heimilt að nota bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafirjóvgun. Þá er ætíð heimilt að nota gjafasæði sé um að ræða einhleypa konu eða konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „eða eiginkonu eða sambýliskonu karlmannsins sem lagði til sæðisfrumur“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: eða fékk þær að gjöf til notkunar við glasafirjóvgun.
- b. Í stað orðanna „sem leggja kynfrumurnar til“ í 2. mgr. kemur: sem lögðu kynfrumurnar til eða fengu þær að gjöf til notkunar við glasafirjóvgun.
- c. Við 3. mgr. bætist: eða fengu þær að gjöf til notkunar við glasafirjóvgun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. júní 2010.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Álfheiður Ingadóttir.